


Aldarafmælis Ásgríms Jónssonar listmálara minnst með sýningu að Kjarvalsstöðum

Reykjavíkurborg minnist nú aldarafmælis Ásgríms Jónssonar með sýningu á verkum listamannsins að Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru 274 verk, öll úr gjöf Ásgríms til íslenzku þjóðarinnar, utan 6 verk sem aðrir hafa gefið safninu. Af þessum 274 myndum eru um 120 vinnubókarmyndir, sem ekki hafa komið fyrir augu almennings fyrr. Því má segja að þarna sé ný hlið á listamanninum.

Allan veg og vanda af uppsetningu sýningarinnar höfðu listamennirnir Þorvaldur Skúlason, Hjörleifur Sigurðsson og Guðmundur Benediktsson. Þeim til aðstoðar var Bjarnveig Bjarnadóttir forstöðukona Ásgrímssafns. —ES

Hvatt til átaks í bindindisboðun

„Enda þótt lítil teikn sjáist enn til bóta í áfengismálum hér á landi, er þó ýmislegt, sem bendir til að vænta megi straumhvarfa í þeim efnum víða um lönd" segir m.a. í Ávarpi frá Þingstúku Reykjavíkur.

Rakin eru nokkur dæmi um breytt viðhorf stjórnvalda í Evrópu í þessum efnum og þess getið, að Evrópuráðið hvatti aðildarríki sín í ályktun frá árinu 1974, til að efla bindindisstarfsemi.

Þingstúkan telur það til þáttaskila í mannkynssögunni, þegar pólitískar stjórnir glöggva sig á, að áfengismálin eru þjóðmál, sem krefjast þjóðfélagslegra aðgerða.

„Þjóðir, sem reyndu að laga drykkjuvenjur með því að auðvelda aðgang að áfengu öli, eins og Finnar, Svíar og Rússar, vita nú að þær hafa stigið alvarlegt víxlspor." segir ennfremur í ávarpinu. „Alls staðar eru úrræðin sams konar: Lögbundnar hömlur og valdboðnar takmarkanir á sölu, veitingu og neyzlu áfengis og aukin bindindisboðun."

Þá eru bindindismenn, sem standa utan bindindishreyfingarinnar, hvattir til að ljá henni liðsinni sitt og því spáð, að þær öldur, sem nú rísa í bindindismálum í nálægum löndum muni fljótlega berast hingað.

Hitaveituframkvæmdir stöðvaðar í Firðinum

Hitaveita Reykjavíkur hefur stöðvað framkvæmdir við dreifikerfislagnir í Hafnarfirði. Hitaveitan tilkynnti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þessa ákvörðun í bréfi dagsettu 17. febrúar síðastliðinn.

Þar segir, að tekjur hitaveitunnar muni ekki standa undir nema hluta þeirra farmkvæmda, sem fjárhagsáætlun veitunnar hafi gert ráð fyrir.

Í bréfinu segir einnig, að Hitaveitan hafi á undanförnum árum tekið erlend lán, til þess að standa undir nýjum framkvæmdum, langt umfram það, sem áætlað var, miðað við eðlilega gjaldskrá. Hafi Hitaveitan orðið fyrir stórfelldu gengistapi vegna þessarar lántöku, og því verið rekin með beinu tapi undanfarin tvö ár.

Átti að ljúka á þessu ári

Fjárhagsáætlun Hitaveitunnar gerði ráð fyrir, að lokið yrði framkvæmdum við dreifikerfislögn í nágrannabæjunum á þessu ári. Auk þess hefði átt að ljúka nauðsynlegum virkjunarframkvæmdum til þess að sjá öllum dreifikerfistækjunum á þessu árifyrir nægu varmaafli veturinn 1976-77.

Þá segir í bréfi Hitaveitunnar til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, að ástæðan fyrir þessum niðurskurð á framkvæmdum veitunnar væru vegna fyrrgreinds taps á rekstrinum. Hann stafaði af því, að ekki fengist staðfest hjá ráðuneyti umsókn borgarstjórnar Reykavíkur um hækkaða gjaldskrá Hitaveitunnar.


Mikil vonbrigði

Viðbrögð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar í þessu máli voru þau, að lýst var miklum vonbrigðum, ef hitaveituframkvæmdir stöðvuðust í Hafnarfirði.

Telur bæjarstjórnin með öllu óverjandi, að brugðið sé fæti fyrir, að nauðsynlegum fram kvæmdum verði áfram haldið, til hagsbóta fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli.

Skorar bæjarstjórnin alvarlega og mjög eindregið á ríkisstjórnina að láta þetta mál tafarlaust til sín taka og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja sem skjótastan framgang málsins. Segir bæjarstjórnin að ljóst sé, að hækka verði taxta Hitaveitunnar til að tryggja áframhald framkvæmda.

Ríkisstjórnin á því næsta leik í þessu máli. Hún á erfitt um vik. Annars vegar eru það hagsmunir nágrannabæja Reykjavíkur, sem vilja sína hitaveitu, þ.á.m. í sparnaðarskyni, og hins vegar borgarbúar, sem vilja ógjarnan þurfa að greiða hærra verð fyrir hitann, aðeins til þess að nágrannabyggðirnar geti nýtt sér hann. —GAS



Guð þarfnast þinna handa - til hjálpar þroskaheftum börnum

Landssöfnun til handa þroskaheftum

Hjálparstofnun kirkjunnar og Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hafa ákveðið að taka höndum saman í sameiginlegri æskulýðs- og fórnarviku undir yfirskriftinni: Guð þarfnast þinna handa. Er að þessu sinni stefnt að því, að kynna fyrir landsmönnum málefni þroskaheftra barna á landinu. Viðtækt samstarf er með stofnuninni og flestum, ef ekki öllum þeim félögum, stofnunum, sérkennurum og foreldrafélögum, sem starfa á einn eða annan hátt fyrir þroskaheft börn.

Þessi fórnarvika er nú sem fyrr, fyrsta vika í föstu, en fastan hófst nú fyrr í vikunni. Það er von allra þeirra, sem að þessari framkvæmd standa, að ná megi almennri samstöðu í landinu til hjálpar þroskaheftum börnum. Eru landsmenn hvattir til að láta hug sinn til þessara barna í ljós, með framlögum í landssöfnun, en í því skyni má minna á giróreikning Hjálparstofnunarinnar, nr. 20.000.

Landsmenn kallaðir til framtíðarstarfs

Markmið fórnarvikunnar er raunar tvíþætt. Annars vegar eins og áður hefur verið sagt, að hvetja fólk til samstarfs um að bæta úr þörfum þroskaheftra barna á Íslandi. Er að því stefnt að safna peningum, sem verja skal í þágu þessara minniháttar bræðra okkar.

Þá er einnig leitað aðstoðar landsmanna við að efla almennan neyðarsjóð Hjálparstofnunar kirkjunnar. Eru menn beðnir um að gerast styrktarfélagar, og greiddu t.d. ársfjórðungslega eitthvert brot af tekjum sínum til sjóðsins. Söknarprestar munu hafa milligöngu.

Opið auga hönd til hjálpar

Gefið hefur verið út fréttabréf í tilefni þessarar æskulýðs- og fórnarviku. „Höndin" nefnist fréttabréfið. Þar er margt fróðlegt á að líta. M.a. grein eftir biskupinn yfir Íslandi, sira Sigurbjörn Einarsson, hvað orðið þroskaheftur raunverulega þýðir, komið inn á tryggingamál þroskaheftra og heimsóttir eru skólar og stofnanir, þar sem þroskaheftir dvelja.

Þá eru viðtöl við forystumenn allra stjórnmálaflokkanna um stefnu flokkanna í málefnum þroskaheftra barna. Þar segir Benedikt Gröndal formaður Alþýðuflokksins m.a." Tvö megin atriði í jafnaðarstefnunni eru jafnrétti og tryggingar, sem hafa komið fram í baráttu fyrir jöfnum rétti allra borgara til lífs, heilsu og menntunar eftir óskum og getu hvers og eins, og hins vegar á tryggingarsviðinu, að tryggja alla frá vöggu til grafar gegn sjúkdómum og öðrum erfiðleikum, sem mönnum eru ekki sjálfráðir. Hvort tveggja kemur við sögu varðandi þroskaheft börn og leiðir til þess, að Alþýðuflokkurinn hefur mikinn áhuga á því að þjóðfélagið búi sem bezt að þeim og gjöri þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og efla þann þroska sem þau geta náð."

Guð þarfnast þinna handa. Alþýðublaðið hvetur alla landsmenn til að gera myndarlegt átak fyrir þroskaheft börn hér á landi. Framlög í þessa landssöfnun er lóð á þá vogarskál.

—GAS



Líf hans er að verulegu leyti bundið rimlabúrinu. Þó má sjá hann líta upp og teygja sig mót ljósinu.



Bræður.